

## Viðbragsáætlun vegna mengunar

Þegar blámi er úti og grunur leikur á að um sé að ræða mengun vegna eldgoss og efi um að rétt sé að börnin fari í útivist þá eru eftirfarandi vinnubrögð sett í gang.

- Þegar að útivistinni kemur fer deildarstjóri inn á heimasíðu umhverfisstofnunar og leitar sér þar upplýsinga: <https://loftgaedi.is/?zoomLevel=7&lat=64.90653688878211&lng=-18.67717688980042> eða [www.loftgaedi.is](http://www.loftgaedi.is)
- Ef það reynist í lagi að börnin fari út þá fer deildarstjóri aftur og athugar stöðuna þegar útivistin er u.þ.b. hálfnuð.

Ekki eru allir mælar á landinu nettengdir með þessum hætti en virnki þeirra tryggir að viðvaranir eru gefnar út þegar mengunartoppar ganga yfir.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er að finna töflu um skammtímaáhrif SO<sub>2</sub> og lýsingar á áhrifum miðað við 10-15 mín. veru í aðstæðunum.

Í töflunni eru settar fram upplýsingar um viðbrögð við mismiklum styrk SO<sub>2</sub>. Hver litur gefur til kynna möguleg heilsufarsleg áhrif hjá bæði heilbrigðum einstaklingum sem og einstaklingum og börnum með undirliggjandi lungna- eða hjartasjúkdóma. Þetta á aðeins við um SO<sub>2</sub> ekki önnur mengunarefni. Ráðstafanir til varnar SO<sub>2</sub> mengun innandýra eru eftirfarand (tekið af vef umhverfisstofnunar):

- 1) Sléttfull teskeið (5gr.) af matarsóða er leyst upp í 1 lítra vatns.
- 2) Bleytið klút t.d. viskustykki eða þunnt handklæði í þessari lausn.
- 3) Vindið mesta vatnið úr þannig að ekki leki.
- 4) Strengið klútinn með þvottaklemmum á þvottagrind eða sambærilegt.
- 5) Stillið grindinni upp í því herbergi sem ætlunin er að hreinsa loftið í.
- 6) Látið borðviftu blása á klútinn.
- 7) Til að klúturinn haldi virkni sinni þarf hann að vera rakur og gott er að halda rakastiginu við með því að útða á hann vatni t.d. úr blómaúðabrúsa.

*8) Við langvarandi mengun þarf að skola klútinn undir rennandi vatni tvisvar á dag og setja hann aftur í matarsóðalausnina.*

Almannavarnir gefa út tilkynningar þegar háir mengunartoppar ganga yfir og nauðsynlegt er að fólk haldi sig inn og loki gluggum. Mengunartoppar ganga yfirleitt hratt yfir en gósmengun getur legið í loftinu í lægri styrk og ef fullorðnir finna fyrir einkennum, geta börnin það líka. Engin ástæða er til að ætla að SO<sub>2</sub> mengun sé hættulegri börnum en fullorðnum, að mati Sóttvarnarlæknis.